



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. nóvember 2011

Efni Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (aðgerðir í skattamálum, verðlagsbreytingar o.fl.), 195. mál.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp, sbr. þingskjal 200. Í frumvarpinu er að finna tillögur að tekjuöflun ríkissjóðs í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps 2012. Þessum breytingum má skipta í fjóra meginflokka. Í fyrsta lagi eru breytingar sem tengjast yfirlýsingu stjórnvalda í tengslum við gerð kjarasamninga í maí sl. Í öðru lagi eru sérstakar tekjuöflunaraðgerðir sem liður í stefnu stjórnvalda um jafnvægi í ríkisfjármálum á næstu árum. Í þriðja lagi eru hækkanir á krónutölusköttum og gjaldskrár í takt við verðlagsforsendur frumvarpsins og í fjórða lagi breytingar af ýmsu tagi.

I. Aðgerðir í tengslum við gerð kjarasamninga

Lækkun tryggingagjalds

Samkvæmt frumvarpinu lækkar tryggingagjald í heild um 0,86%, úr 8,65% 7,79%. Þar af lækkar atvinnutryggingagjald um 1,36% (úr 3,81% í 2,45%) í takt við minnkandi atvinnuleysi en almennt tryggingagjald hækkar um 0,45% (úr 4,54% í 4,99%). Sú hækkun stafar annars vegar af hækkun framlags til Fæðingarorlofsjóðs um 0,2% (úr 1,08% í 1,28%) og almennri hækkun til að mæta auknum lífeyrisgreiðslum TR. Loks er áformað að hækka framlag til Ábyrgðasjóðs launa um 0,05% tímabundið (úr 0,25% í 0,30%) til þess að mæta uppsöfnuðum halla á rekstri hans. Þessar breytingar eru í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. maí 2011 í tengslum við gerð kjarasamninga. Í yfirlýsingunni er þess getið að forsendur breytinga á tryggingagjaldi verði endurmetnar þegar ný efnahagsspá Hagstofunnar liggur fyrir í nóvember 2011.

Afdráttarskattur af vaxtatekjum aðila með takmarkaða skattskyldu

Skattur sem þessi heyrir til undantekninga og er ekki innheimtur á Norðurlöndunum. Flestir tvísköttunarsamningar milli Íslands og Evrópuríkja lækka þennan staðgreiðsluskatt niður í 0% eða innihalda ákvæði um skattaflátt. Tilgangur ákvæðis um afdráttarskatt á erlenda aðila, sem leitt var í lög fyrir tveimur árum (lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum nr. 70/2009), var að þessir aðilar bæru skattinn. Frá upphafi var þó bent á það af SA og fleiri umsagnaraðilum að skatturinn legðist fyrst og fremst á íslenska aðila og þrengdi að lánamöguleikum og þar með að samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja. SA hafa því lagt til að ákvæði um þennan skatt verði fellt brott. Í áður nefndri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. maí 2011 segir meðal annars: „... fjármálaráðherra mun leggja fyrir Alþingi nú á vörþingi tillögur um lagabreytingar er varða ... (iii) afdráttarskatt á vaxtagreiðslur til erlendra aðila þannig að hann nái einungis til vaxtatekna af íslenskum verðbréfum en ekki erlendra lánasamninga...“ Tillaga sem fjármálaráðherra kynnti á vörþinginu náði ekki fram að ganga. Samkvæmt greinargerð frumvarpsins áformar ráðherra að endurskoða þetta ákvæði frá grunni með hliðsjón af norrænum rétti. Þar verði einkum horft til dönsku reglnanna, en þær snúa fyrst og fremst að viðskiptum tengdra aðila.



Samtök atvinnulífsins eru sátt við það fyrirkomulag á afdráttarskatti sem tilgreint er í dönsku lögnum enda er því ætlað að koma í veg fyrir óeðlileg viðskipti. Samtökin leggja höfuðáherslu á, og telja það í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, að innleitt verði í íslensk lög sams konar fyrirkomulag á afdráttarskatti með gildistöku 1. janúar 2012.

II. Sérstakar tekjuöflunaraðgerðir

Frádráttur iðgjalda til viðbótar lífeyrissparnaðar

Stór hluti viðbótar lífeyrissparnaðar landsmanna byggir á kjarasamningsbundnum ákvæðum, þar sem SA sömdu árið 2000 við aðildarsamtök ASÍ um aukin framlög til lífeyrisréttinda í formi mótframlags launagreiðenda gegn viðbótar lífeyrissparnaði launamanna. Markmið þessara samningsákvæða var, auk þess að bæta lífeyrisrétt launafólks á almennum vinnumarkaði, að brúa að hluta bilið á milli almenns og opinbers vinnumarkaðar, bæði hvað varðar lífeyrisgreiðslur og sveigjanleika í lífeyristöku. Núverandi ákvæði í lögum um tekjuskatt, um allt að 4% frádrátt frá iðgjaldastofni vegna greiðslu launþega í séreignarsjóð, var upphaflega hugsað sem þriðja stoðin í lífeyriskerfinu, til viðbótar við almannatryggingar og samtryggingarlífeyrissjóði. Þessari þriðju stoð er ætlað að minnka það mikla bil sem myndast milli fyrri atvinnutekna og lífeyrisgreiðslna þegar að lífeyristöku kemur. Þetta hefur að miklu leyti gengið eftir þar sem um helmingur framteljenda hefur tekið þátt í viðbótar lífeyrissparnaði, skv. upplýsingum RSK, og vafalaust mun herra hlutfall þeirra sem starfandi eru allt árið.

Sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu, að minnka frádrátt frá tekjuskattstofni úr 4% í 2% vegna viðbótarlífeyrissparnaðar, mun draga úr sparnaði sem því nemur. Launþegar munu bregðast við lækkun frádráttarins með því að minnka framlög sín svo ekki komi til tvísköttunar. Breytingin mun hafa þau áhrif að lífeyrisgreiðslur Tryggingastofnunar ríkisins verða hærri en ella þegar til lengri tíma er litið. Í ljósi breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar á komandi árum og áratugum, þ.e. mikillar hlutfallslegrar fjölgunar aldraðra og fækkunar starfandi fólks, er brýnt að hver kynslóð verði sem næst sjálfbær þannig að lífeyrissparnaður á starfsævinni standi að mestu undir ævilöngum lífeyri sem sé það hár að lífeyrisþegar leggi drjúgan skerf til fjármögnunar samneyslunnar.

Umrædd breyting mun raska þeirri festu sem komist hefur á viðbótarlífeyrissparnað landsmanna og kippa stoðum undan markaðssetningu þessa sparnaðarforms sem mikið hefur verið kostað til. Ef af breytingunni verður mun traust á sparnaðarforminu skaddast og erfiðlega ganga í framtíðinni að snúa þróuninni við og sannfæra fólk á ný um gildi þessa sparnaðar.

Samtök atvinnulífsins lýsa því andstöðu við umrædda tillögu um takmörkun á frádrætti frá tekjuskattstofni vegna framlaga launamanna til viðbótar lífeyrissparnaðar.



Auðlegðarskattur

Samtök atvinnulífsins lýsa miklum vonbrigðum með þau áform sem birtast í frumvarpinu um að framlengja gildistíma auðlegðarskatts til ársins 2015. Ákvæði um þennan skatt hafa tekið tíðum breytingum, eins og sjá má í meðfylgjandi töflu, sem raunar er ekki tæmandi.

Auðlegðarskatturinn, sem tekinn var upp fyrir tveimur árum, er almennt talinn óréttlátur en fæst nálæg lönd leggja eignarskatta á þegna sína. Enn á ný er hert á skattlagningunni og lagt til viðbótarskattþrep, þ.e. 2% skatt á hreina eign yfir 150 m.kr. hjá einstaklingi og 200 m.kr. hjá hjónum.

Auðlegðarskattur

| | Lög 128/2009 | Lög 164/2010 | Lög 73/2011 | 195 mál 2011 |
|-----------------|--------------|--------------|---------------|--------------|
| Mörk (lægri) | | | | |
| Einstaklingur | 75.000.000 | 75.000.000 | 75.000.000 | 75.000.000 |
| Hjón | 100.000.000 | 100.000.000 | 100.000.000 | 100.000.000 |
| Hlutfall | 1,25% | 1,50% | 1,50% | 1,50% |
| Mörk (hærri) | | | | |
| Einstaklingur | | | | 150.000.000 |
| Hjón | | | | 200.000.000 |
| Hlutfall | | | | 2,00% |
| Endurreikningur | | | Felldur niður | |
| Álagningarár | 2010-2012 | 2011-2012 | 2012-2013 | 2012-2015 |

Álagning fjármagnstekjuskatts á fjármagnstekjur sem eru ekki ná því að bera arð umfram verðbólgu eru í raun eignaupptaka. Í 5% verðbólgu eins og á þessu ári háttar þannig til um allar fjármagnstekjur sem eru minna en 5% af stofni. Auðlegðarskatturinn er í eðli sínu mjög hátt viðbótarskattþrep í fjármagnstekjuskatti. Sé dæmi tekið af 1 m.kr. eign umfram 150 m.kr. mörk skattsins hjá einstaklingi sem ber 5% ávöxtun fæst eftirfarandi niðurstaða:

Áhrif fjármagnstekjuskatts, auðlegðarskatts og verðbólgu á raunávöxtun

| | % | Kr. |
|-----------------------|-------|-----------|
| Eign umfram 150 m.kr. | | 1.000.000 |
| Ávöxtun | 5,0% | 50.000 |
| Fjármagnstekjuskattur | 20% | 10.000 |
| Auðlegðarskattur | 2,0% | 20.000 |
| Verðbólga | 5% | 50.000 |
| Raunávöxtun | -3,0% | -30.000 |

Ef ávöxtunin er 5% þá sér verðbólgan um að raunávöxtunin verði engin. En fjármagnstekjuskatturinn rýrir eignina um 1% og auðlegðarskatturinn um 2% þannig að eignin rýrnar samtals um 3% í þessu tilviki. Auðlegðarskatturinn er þannig ígildi 40% fjármagnstekjuskatts á ávöxtun eignar umfram mörkin til viðbótar 20% fjármagnstekjuskattinum, samtals 60%. Í þessu tilviki þarf ávöxtun að nema 8,75% til þess að nokkur raunávöxtun fái og sé litið til markanna milli 75 og 150 m.kr. þarf ávöxtunin að nema a.m.k. 8,1%. Það er því augljóst að þessir skattar ýta upp ávöxtunarkröfu fjárfestinga og slá alla fjárfestingarkosti út af borðinu sem eru ekki vel yfir þessum mörkum.



Auðlegðarskatturinn, hækkun hans og framlenging gildistímans hvetur efnamikla einstaklinga til þess að flytjast búferlum, eigi þeir þess kost, og víkja sér þannig undan skattinum. Þar með greiða þeir ekki heldur aðra skatta hér á landi. Öðrum sem ekki eiga þess kost að flytjast búferlum er munu leita annarra úrræða til að forðast eignaupptöku. Þá munu einstaklingar sem eiga fastafjármuni eða eignarhluti í félögum geta lent í erfiðleikum með að greiða skattinn vegna erfiðrar lausafjárstöðu þótt eignastaðan sé góð.

Hætt er við að þessi skattur stuðli að því að æðstu stjórnendur fyrirtækja muni í vaxandi mæli verða staðsettir erlendis, að stærri hluti eignasafns Íslendinga leiti hagfelldara skattaumhverfis og að nýjar fjárfestingar verði á erlendra grundu þannig að umfang erlendra starfsemi fari hlutfallslega vaxandi.

Samtök atvinnulífsins leggja þvi gegn hækkun auðlegðarskattsins og framlengingu á gildistíma hans.

Upphæð kolefnisgjalds

Samtökin leggja til að fallið verði frá hækkun kolefnisgjaldsins. Með hækkun á kolefnisgjaldinu er í greinargerð rætt um að nú sé verið að færa gjaldið úr 75% af verði losunarheimilda á Evrópumarkaði upp í 100%. Þegar löggin voru upphaflega sett árið 2009 var verðið 13 € á hvert tonn CO₂ og var gjaldið reiknað út frá því og þá sett á um 50% af þessu reiknaða verði. Frá því löggin voru sett hefur hins verðið á losunarheimildum á markaði í Evrópu lækkað úr 13 € á tonnið í tæpar 10 € á hvert tonn. Þannig eru forsendur hækkunar gjaldsins sem frumvarpið gerir ráð fyrir ekki til staðar.

Kolefnisgjald á flugsamgöngur

Samtök atvinnulífsins leggja eindregið til að flugsamgöngur innanlands þurfi, á árinu 2012 og framvegis, ekki bæði að greiða kolefnisgjald á eldsneyti og falla undir viðskiptakerfi ESB (ETS) um útstreymisheimildir gróðurhúsalofttegunda.

Samkvæmt lögum er nú lagt kolefnisgjald á allt fljótandi eldsneyti en er ekki innheimt af millilandaflugi vegna þess að alþjóðasamningar heimila það ekki. Hins vegar er gjaldið greitt vegna innanlandsflugs. Þrátt fyrir að fjármálaráðuneytið hafi fallið frá innheimtu gjalds á millilandaflug hefur það ekki lagt til að lögum verði breytt til samræmis.

Allar flugsamgöngur falla undir ETS-kerfið frá 2012 og hefur ötullega verið unnið að undirbúningi þess. Fyrirtækin hafa verið að koma upp nauðsynlegu skýrslu- og vottunarkerfi. Búast má við að töluverður kostnaður fylgi þessu fyrir fyrirtækin auk þess sem þau geta búist við að þurfa að kaupa sér heimildir á markaði (m.a. uppboðum) enda er ekki úthlutað endurgjaldslaut öllum heimildum sem félögin þurfa á að halda. Um þetta voru samþykkt lög þann 15. júní sl., nr. 64/2011.

Íslenska ríkið mun, eins og önnur sem með handhöfn kerfisins hafa að gera, fá sinn skerf af tekjum af sölu útstreymisheimilda, og má búast við að þær geti orðið töluverðar, ekki síst með hliðsjón af hlutfallslega mjög umfangsmiklum flugrekstri hér á landi. Þar er ekki gert upp á milli innanlandsflugs og millilandaflugs.

Þannig virðist skynsamlegast að breyta lögum um kolefnisgjaldið þannig að innheimta þess á flugvélaeldsneyti falli niður frá áramótum, þegar ETS-kerfið gengur í gildi. Þar er enda um að ræða samræmdar evrópskar reglur til að draga úr umhverfisáhrifum flugsamgangna. Eins og gjaldið er innheimt er þetta fyrst og fremst skattur á flugsamgöngur milli Reykjavíkur og landsbyggðarinnar.

Umhverfislegt gildi þess að leggja sérstakt kolefnisgjald á eldsneyti til innanlandsflugs er áreiðanlega mjög lítið og tekjur sem ríkissjóður tapar með því að fella gjaldið niður eru að öllum líkindum minni en það sem fæst af seldum útstreymisheimildum.



Þá er nauðsynlegt að fjármálaráðuneytið leggi fram áætlun um væntanlegar tekjur af sölu útstreymisheimilda en þess má geta að nær 200 flugrekstraraðilar falla undir umsjón og eftirlit íslenskra stjórnvalda strax í upphafi.

Kolefnisgjald og raforkuskattar á stóriðju

Samtök atvinnulífsins mótmæla fyrirhugaðri breytingu á lögum nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindaskatta. Breytingin gerir ráð fyrir að tekið verði upp kolefnisgjald á eldsneyti í föstu formi, þ.m.t. rafskaut, frá og með 1. janúar 2013. Þetta er breyting frá því sem áður hafði verið kynnt, en þegar fjárlagafrumvarp var lagt fram í haust var ekki gert ráð fyrir upptöku slíks gjalds. Hins vegar voru þar kynnt áform um afnám sólarlagsákvæðis laganna, sem kveður á um að þau falli úr gildi í árslok 2012.

Vegna þessara áforma vísa samtökin til samkomulags fjármálaráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins annars vegar, og Norðuráls, RioTinto Alcan, Alcoa á Íslandi og Elkem á Íslandi hins vegar varðandi raforkuskatt og fyrirframgreiðslu tekjuskatts og annarra opinberra gjalda þann 7. desember 2009. Þar kemur skýrt fram að fyrirframgreiðsla fyrirtækjanna á tekjuskatti, „ásamt sköttum á raforku og kolefnislosun vegna fljótandi eldsneytis, sem lagðir verða á með sérstökum lögum, mun standa í 3 ár frá árinu 2010 að telja. Skattarnir eru tímabundnir og falla niður í lok árs 2012. Þess er að vænta að Ísland verði aðili að alþjóðlegu viðskiptakerfi með losun gróðurhúsalofttegunda er geti tekið gildi árið 2013 en ekki liggur fyrir hvernig það viðskiptakerfi verður útfært. Markmiðið er að slík skattheimta feli almennt ekki í sér lakari starfsskilyrði fyrir fyrirtæki sem reka starfsemi sína hér á landi samanborið við önnur Evrópuríki og erlenda samkeppnisaðila á sama markaði.“ Afrit af samkomulaginu fylgja með umsögn þessari, ásamt bréfi SA til fjármálaráðuneytisins 1.06.2010 og svari ráðuneytisins 15. sama mánaðar. Samkomulagið var síðan staðfest með sérstökum skriflegum samningum við hvert og eitt fyrirtækjanna.

Fyrirgreind áform ríkisstjórnarinnar sem fram koma í frumvarpinu eru skýrt brot á ofangreindu samkomulagi. Má þar nefna þrennt til. Í fyrsta lagi er ekki gert ráð fyrir að lögin falli úr gildi í árslok 2012. Raforkuskatturinn sem þar er á um kveðið er því varanlegur en ekki tímabundinn. Í öðru lagi er áformað er að taka upp kolefnisgjald á rafskaut. Slíkt gjald er hvergi innheimt annars staðar innan ríkja Evrópusambandsins verður til að starfsskilyrði fyrirtækjanna hér á landi versna mjög í samanburði við önnur Evrópuríki og erlenda samkeppnisaðila á sama markaði. Í þriðja lagi er útfærsla ETS-kerfisins orðin mjög skýr og unnið er að innleiðingu í EES-samninginn á þeim hluta sem snertir starfsemi fyrirtækja í landi. Að hluta var kerfið innleitt með lögum nr. 64/2011 og fyrirtækin hafa sótt um leyfi og fengið skv. ETS. Stóriðjan hér á landi telst vera í alþjóðlegri samkeppni þar sem hætt er við kolefnisleka (e. carbon leakage) og uppfyllir því skilyrði til endurgjaldslausrar úthlutunar útstreymisheimilda upp að ákveðnu viðmiði í samræmi við reglur ETS en fyrirtækin verða að kaupa sér útstreymisheimildir vegna þess sem umfram er.

Þar að auki stendur nú yfir endurskoðun á reglum Evrópusambandsins hvað varðar samræmda skattlagningu á orkugjafa (2003/96/EC). Þar kemur skýrt fram sú meginregla að fyrirtæki í iðngreinum sem hætt er við kolefnisleka séu undanþegin viðbótar skattlagningu á losun, þ.m.t. beinni skattlagningu á orkugjafa sem leiða til losunar gróðurhúsalofttegunda. Tvöföld skattheimta sé ekki til þess fallin að ná fram viðbótar samdrætti útstreymis heldur verði einungis til að auka kostnað fyrirtækjanna (7 mgr. formála draganna). Í skýringum kemur fram að það sé einn megin tilgangur breytinganna að koma í veg fyrir tvöfalda skattlagningu af þessu tagi.

Þannig ganga ákvæði frumvarpsins bæði gegn samkomulaginu sem gert var við fyrirtækin og lagaþróun sem á sér stað í Evrópu og miðar að því að koma í veg fyrir að þessi starfsemi flytjist annað.



Einnig er rétt að benda á að samkvæmt yfirlýsingum ráðherra og Landsvirkjunar standa nú yfir viðræður við erlend fyrirtæki um orkukaup og uppbyggingu framleiðslu m.a. á Bakka við Húsavík. Þau áform sem fram koma í frumvarpi þessu eru beinlínis til þess fallin að hafa áhrif á þessar samningaviðræður og verða ekki til þess að hækka það orkuverð sem um getur samist.

Hver sem er getur svo velt fyrir sér áhrifum þess að ráðherrar í ríkisstjórninni ganga ítrekað gegn yfirlýsingum sínum og breytir þá engu hvort þær eru skriflegar eða munnlegar.

Fjármögnun sérstakrar vaxtaniðurgreiðslu

Með lögum nr. 73/2011 var lögfest nýtt ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 155/2010, um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, í þá veru að samhliða sérstaka skattinum yrði lagður á viðbótarskattur til að fjármagna hlut viðskiptabankanna í sérstöku vaxtaniðurgreiðslunni á árinu 2011. Í þessu frumvarpi er lagt til að sama fyrirkomulag verði varðandi fjármögnun á hluta vaxtaniðurgreiðslunnar á árinu 2012 af hálfu viðskiptabankanna, þ.e. upp á 2.100 millj. kr. Er það hluti þeirra 15 ma.kr. sem fjármálafyrirtækjum er ætlað að greiða í óafkomutengdar álögur í ríkissjóð og Tryggingarsjóð innistæðueigenda á árinu 2012 umfram almenna skattheimtu. Samtök atvinnulífsins telja að hér sé allt of langt seilst í viðbótarskattheimtu á eina atvinnugrein.

Lífeyrissjóðum er ætlað að fjármagna 1,4 ma.kr. af vaxtaniðurgreiðslunni á árinu 2012. Þessi skattlagningaráform eru fyrirhuguð í fullkominni ósátt við lífeyrissjóðina og aðila almenna vinnumarkaðarins. Verði af þessari skattheimtu mun hún leiða til skerðingar á kjörum lífeyrisþega í almennum lífeyrissjóðum sem ekki njóta afkomutryggingar líkt og lífeyrisþegar í sjóðum hins opinbera. Slík skattlagning á lífeyrissjóðina er í ósamræmi við þá almennu stefnumörkun sem mótað hefur verið að samræma lífeyrisréttindi milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins.

III. Ýmsar breytingar

Stimpilgjald

Samtök atvinnulífsins hafa um langt skeið mælt með afnámi stimpilgjalda. Stimpilgjöld hafa verið lögð af í helstu viðskiptalöndum okkar og skerða því samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja. Stimpilgjald leggst einkum á einstaklinga í tengslum við fasteignakaup, þó ekki vegna kaupa á húsnæði í fyrsta sinn. Þar sem skatturinn veitir rétt til vaxtabóta er hann að hluta til endurgreiddur einstaklingum ári eftir að hann er innheimtur. Almenn þekkist ekki á Norðurlöndunum að lagt sé á stimpilgjald í annað sinn í tengslum við endurfjármögnun lána.

SA leggja til afnám stimpilgjalda í áföngum á þremur árum í ljósi núverandi afkomu ríkissjóðs. Þannig mætti nú afnema stimpilgjöld við endurfjármögnun lána, óháð því hvort um sé að ræða lán vegna íbúðarkaupa eða atvinnurekstrar, og á útgáfu hlutabréfa. Í ársbyrjun 2013 yrðu felld niður stimpilgjöld af öllum viðskiptum tengdum íbúðarhúsnæði og í ársbyrjun 2014 yrðu önnur stimpilgjöld felld niður. Í stað stimpilgjalda komi einhvers konar notendagjald til þess að standa straum af kostnaði við nauðsynlega skjalaskráningu og varðveislu í tengslum við fasteignaviðskipti.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Hannes G. Sigurðsson



Sameiginleg yfirlýsing
fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra, annars vegar, og
Samtaka atvinnulífsins og stórnotenda á raforku, hins vegar, um
ráðstafanir til að mæta erfiðri stöðu ríkissjóðs og
til að stuðla að auknum fjárfestingum í atvinnulífinu

Fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra, annars vegar, og Samtök atvinnulífsins og stórnotendur raforku, sem undirrita yfirlýsingu þessa, hins vegar, hafa orðið sammála um eftirtaldir ráðstafanir er hafa það að markmiði að stuðla að aukinni tekjuöflun ríkissjóðs á árunum 2010, 2011 og 2012, ásamt því að örva fjárfestingar hér á landi í því skyni að stuðla að atvinnusköpun og bættum hag þjóðarbúsins:


1. Vegna mikils samdráttar í efnahagslífinu og erfiðrar stöðu ríkissjóðs í kjölfar hans hefur það orðið að samkomulagi við nokkra af stærstu notendum raforku í landinu að þeir greiði fyrirfram árlega samtals kr. 1.200 milljónir á árunum 2010, 2011 og 2012 upp í væntanlega álagningu á tekjuskatti og öðrum opinberum gjöldum á árunum 2013-2018. Fyrirframgreiðslan skiptist milli aðila í hlutfalli við raforkunotkun. Fyrirframgreiðslan er bundin við uppgjörsmýnt þeirra fyrirtækja sem í hlut eiga.
2. Þetta fyrirkomulag, ásamt sköttum á raforku og kolefnislosun vegna fljótandi eldsneytis, sem lagðir verða á með sérstökum lögum, mun standa í 3 ár frá árinu 2010 að telja. Skattarnir eru tímabundnir og falla niður í lok árs 2012. Þess er að vænta að Ísland verði aðili að alþjóðlegu viðskiptakerfi með losun gróðurhúsalofttegunda er geti tekið gildi árið 2013 en ekki liggur fyrir hvernig það viðskiptakerfi verður útfært. Markmiðið er að slík skattheimta feli almennt ekki í sér lakari starfskilyrði fyrir fyrirtæki sem reka starfsemi sína hér á landi samanborið við önnur Evrópuríki og erlenda samkeppnisaðila á sama markaði.
3. Ríkisstjórnin mun leggja fram í upphafi vorþings 2010 frumvarp til laga um ívilnanir vegna fjárfestinga á Íslandi. Markmið þeirra laga verður að örva fjárfestingu í atvinnurekstri hér á landi og að tryggja markvissa beitingu hvata til fjárfestinga, innan þess ramma sem ákvæði EES samningsins setja.

Samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins um skattlagningu raforku (*Council Directive 2003/96/EC of 27 October 2003 restructuring the Community framework for the taxation of energy products and electricity*) eru til staðar ákvæðnar heimildir fyrir stjórnvöld til að



veita ívilnanir til fyrirtækja vegna fjárfestinga og annarra ráðstafana þeirra sem fela í sér orkusparnað eða minni losun gróðurhúsalofttegunda, þ.e. vegna umhverfisvænna fjárfestinga. Í tengslum við framangreint frumvarp munu stjórnvöld kanna kosti þess að nýta slík úrræði svo sem heimildir standa til þannig að þau megi nýtast fyrirtækjum sem starfa eða hyggjast starfa hér á landi.


Reykjavík 7. desember 2009.

Fjármálaráðherra



F.h. Samtaka atvinnulífsins




Iðnaðarráðherra




F.h. Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðaráls ehf.



F.h. Elkem á Íslandi ehf.



F.h. Alcan á Íslandi hf.



F.h. Norðuráls Grundartanga ehf.





Fjármálaráðherra
Steingrímur J. Sigfússon
Arnarhváli við Lindargötu

150 Reykjavík

SA/

Rvk. 01.06.2010

Þann 7. desember 2009 undirrituðu fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra, annars vegar og Samtök atvinnulífsins og stórnotendur á raforku, hins vegar, sameiginlega yfirlýsingu um ráðstafanir til að mæta erfiðri stöðu ríkissjóðs og til að stuðla að auknum fjárfestingum í atvinnulífinu. Samkomulagið fól m.a. í sér að stærstu notendur raforku í landinu greiddu fyrirfram árlega 1,2 ma.kr. á árunum 2010, 2011 og 2012 upp í væntanlega álagningu á tekjuskatti og öðrum opinberum gjöldum á árunum 2013-2018. Þetta fyrirkomulag, ásamt sköttum á raforku og kolefnislosun vegna fljótandi eldsneytis, sbr. lög nr. 129/2009, var skv. samkomulaginu ætlað að standa í 3 ár frá árinu 2010 að telja og falla niður í lok árs 2012. Með samkomulaginu var verið að kveða niður ótta erlendra fjárfesta við íslenskt skattaumhverfi í kjölfar hugmynda stjórnvalda í fjárlagafrumvarpi 2010 um sérstaka skattlagningu á stóriðju.

Í ríkisútvarpinu 21. maí sl. var haft eftir Birni Vali Gíslasyni, varaformanni fjárlaganefndar Alþingis og fulltrúa í fjárlagahópi á vegum ríkisstjórnarinnar, að stefnt væri að því að ná í ríkissjóð á árinu 2011 tíu til ellefu milljörðum króna með auknum sköttum. Að sögn Björns Vals verði reynt að ná meira út úr þeim sköttum sem teknir voru upp í fyrra, einkum orkuskatti á stóriðju, hátekjuskatti og auðlegðarskatti.

Samtök atvinnulífsins líta á það sem skýlaust brot á fyrrnefndum samningi ef stjórnvöld hyggjast hækka orkuskatta eða aðra skatta á stóriðju. Mikið hefur verið horft til aðkomu erlendra fjárfesta við uppbyggingu atvinnulífs á Íslandi til framtíðar. Af þeirra hálfu skiptir stöðugt skattalegt umhverfi sköpum. Staðan í atvinnumálum og á vinnumarkaði þolir ekki óskýr eða misvísandi skilaboð til erlendra fjárfesta.

Til að eyða allri óþarfa óvissu óska Samtök atvinnulífsins hið fyrsta eftir skýru svari frá fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra um hvort ríkisstjórnin hyggur á frekari skattlagningu á stórnotendur á raforku en kveðið er á um í umræddu samkomulagi við stjórnvöld frá 7. desember 2009.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SA



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Samtök atvinnulífsins
Vilhjálmur Egilsson
Borgartúni 35
Pósthólf 520
105 Reykjavík

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvíli 150 Reykjavík
sími: 545 9200 bréfastími: 562 8280
netfang: postur@fjr.stjr.is
www.fjarmalaraduneyti.is

Reykjavík 15. júní 2010
Tílv.: FJR09060091/410

Vísað er til bréfs yðar frá 1. júní sl., þar sem að fram kemur ósk um að eytt verði hið fyrsta óvissu um hvort ríkisstjórnin hyggi á frekari skattlagningu á stórnotendur á raforku en þeirri sem kveðið er á um í sameiginlegri yfirlýsingu fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra, annars vegar, og Samtaka atvinnulífsins og stórnotenda á raforku, hins vegar, um ráðstafanir til að mæta erfiðri stöðu ríkissjóðs og til að stuðla að auknum fjárfestingum í atvinnulífinu frá 7. desember.

Með vísan til 2. tölul. sameiginlegrar yfirlýsingar frá 7. desember vill fjármálaráðuneytið taka fram að ekki eru uppi áform um annað en að virða ákvæði þess samkomulags, sbr. bæði 1. og 2. tölulið og þá er rétt að benda á að Alþingi hefur nú lögfest frumvarp um ívilnun vegna fjárfestinga, sbr. 3. tölulið samkomulagsins.

Fyrir hönd ráðherra

Guðmundur Arnason

| | | | |
|-------------------|-----|------|--|
| VE | | | |
| Kom: 18 JUNI 2010 | | | |
| SA | NR. | 5128 | |

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is